Samþykkt þann
21 FEB. 2014
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Brynjar Rafn Ólafsson




Grunnmynd neðri hæðar




Grunnmynd efri hæðar

Lýsing húss

Að Furuási 16 – 20 er gert ráð fyrir tveggja hæða raðhúsum. Sótt er um að öll húsin verði í sömu fjarlægð frá götu. Í skipulagi var gert ráð fyrir að hús nr. 20 væri fjær götu, en þá skyggir það á undurfagurt útsýni frá hinum húsunum. Gólfkóti allra húsanna er 80.1.

Sökklar og botnplata eru úr járnbentri steinsteypu. Botnplata er einangruð með 75 mm harðpressuðu einangrunarplasti og sökkull með 75 mm einangrunarplasti.

Húsin verði staðsteypt og einangruð að innan með 100 mm einangrunarplasti. Berandi innveggir á neðri hæð eru steinsteyptir. Á efri hæð er bílskúrsveggur berandi *og þak bílskúrs er úr timbri.* Þak íbúðarhúss er úr timbri og þakbiti hvílir á tveimur stálsúlum *í húsum nr. 18 og 20. Í húsi nr. 16. hefur verið ákveðið að hafa eina stálsúlu. Sjá uppdr. verkfræðings.* Allar klæðningar í bílskúr verði í flokki 1. Í íbúð verði léttir innveggir klæddir gifsi í flokki 1 og loft klædd timburklæðningu í flokki 2 eða gifsi í flokki 1.

Þak aðalhúss verði einhalla og þak útbygginga garðmegin lítt hallandi þök. Einhalla þak er hefðbundið, burðarvirki úr 50 x 225 mm timbursperrum, einangrað með 200 mm þakullareinangrun klætt *bárujárni.* Neðan sperra verði *rakavarnarlag,* raflagnagrind og klæðning. Lítt hallandi þak á útbyggingum við götu *á húsi nr. 20 eru úr gleri, neðri rúða úr samlímdu,* að ofan verði vindþétting, loftun og krossviður. Þá verði þakpappi og *öryggisgleri. Útbyggingar við götu í húsum nr. 16 og 18 verða með léttu þaki.* Bílskúrsþak er lítt hallandi *og einangrað með þakull.* Það verði klætt vottuðum dúk eða sambærilegu.

Gluggar og hurðir verða úr áli/timbri og sett í eftir á. Allt gler verði tvöfalt K gler eða Clima p*lus, K gildi 1,6 – 2,0* $W/m^2$.

Öll gluggalaus rými verði loftræst með útsogi og við eldavél verður útsog. Í votrýmum verði gólfniðurföll.

Inntak OR og lagnagrind er í bílskúr.

Gólfhitakerfi verður í öllu húsinu. Kerfið er lokað hringrásarkerfi. Lagnir í gólfhitakerfi eru pex plastlagnir (krossbundið polyethylene), en í jörð og grunni eru PVC lagnir (stíft polyvinylclorid).

Reykskynjarar og handslökkvitæki verða í húsunum.

*Sorpgeymslur verða 1 m frá gangstétt.* Þar er rými fyrir tvær sorptunnur og tvær tunnur fyrir flokkun endurvinnanlegs úrgangs. Hæð sorpgeymslna verði 1.5 m með opnanlegu loki.

*Hús nr. 16. Sótt er um að stækka stofu. Við það fer eitt herbergi og ein stálsúla.*

*Hús nr. 18 og 20. Sótt er um að breyta herbergi við hlið bílskúrs í vinnuherbergi og gera hurð inn í bílskúr.*

*Hús nr. 20. Sótt er um að gera útitröppur við gafl hússins. Einnig er sótt um að gera glugga í baðherbergi gaflmegin og breyta fataherbergi.*

*Gerðar hafa verið breytingar á deiliteikningum fyrir öll húsin, sem sendar hafa verið inn og samþykktar.*




Afstöðumynd 1 : 500

Br. 06.11.2007. Gólf kj. hækkað um 100 mm og efri h. um 200 mm.
Br. des 2011: Innra fyrirkomulagi breytt, þökum útbygginga og bílgeymslna breytt, gluggi settur á bað og útitrappa við vestur enda.
Jan 2012. brunamerkingar v. bílskúr og texti um gólfkóta.

Breytingar 2. feb. 2014

Innra fyrirkomulagi aðalhæðar breytt í húsi nr.16. Áður samþ. herbergi er sett inn aftur. Wc minnkað, við það stækkar eldhúsið. Fataskáp bætt við í alrými. Arinn er teiknaður í punktalínu þar sem ekki er gert ráð fyrir að byggja hann á næstunni. En gert er ráð fyrir því að leyfilegt sé að byggja hann í framtíðinni. Breytingin er aðeins gerð á teikningu/aðaluppdr. nr. 1.

Furuás 16 - 20, Hafnarfirði.

Afstöðumynd, grunnmyndir og lýsing húss — Teikning nr. 1 af 2

| mælikvarði | teiknað | dagsetning |
|---|---|---|
| 1 : 100 / 1 : 500 | HH RI SÁ | 25.06.2007 |


Hús og skipulag ehf, 511 1099, Teiknilist ehf, 862 8485, Bolholti 8, 105 Reykjavík
Hildigunnur Haraldsdóttir arkitekt faí, kt. 080654-4219 husk@husk.is
Ragnhildur Ingólfsdóttir arkitekt kt. 260355-4069 ringo@talnet.is